

Sigrún Helgadóttir:
Landsfundur Kvennalistans

HUGLEIÐINGAR UM ISLAND OG EVROPU

HÁDEGÍSERINDI

Hvað er kassava? Getur einhver sagt mér hvað kassava er? Jú, kassava er húsdýrafóður, mjög ódýrt en ákaflega hitaeiningaríkt. Evrópubandalagið flytur inn á hverju ári miljónir lesta að þessu ódýra, hitaeiningaríka húsdýrafóðri til að gefa nautgripum sínum, svínum og hænsnum og þannig verður kjötið ódýrt og mannfólkidóttum glatt og satt.

En hvaðan kemur þetta kassava? Hver veit það? Sumir vita það alls ekki, finnst það ekki koma sér við, hafa ekki áhuga á því. Aðrir vita það, en láta sem þeir viti það ekki, reyna að gleyma því - því að kassava kemur frá Tælandi. Tælendingar brenna og höggva regnskógin sinn til að rækta kassava og selja það til Evrópu.

Regnskógar eru með þeim ósköpum gerðir að allur lífmassi þeirra er í gróðrinum, trjástofnum, greinum og laufum og jarðvegurinn er nær enginn. Hann er jafnóðum tekinn upp í gróðurinn. Þegar regnskógarinn er höggvinn liferfur jarðvegurinn á 2-3 árum og svæðið breytist í eyðimörk. Þannig eyðist regnskógarinn og árlega fellur líklega regnskógar af landssvæði svipuðu að stærð og allt Island.

Evrópubúar vilja vernda regnskógan, þeir vita að eyðing þeirra hefur skelfilegar afleiðingar. Loftslag breytist, búsvæði fólks eyðileggst en kannski er skelfilegasta afleiðingin þegar til langs tíma er litið hinn gífurlegi útdauði tegunda sem fylgir skógarneyðingunni. Nú er talið að um 140 tegundir lífvera deyi út á dag. Evrópubúar eru flestir vel upplýstir og þeir vita að þessar teguþndir eru óendanlega verðmæt auðlind. "Allt gull veraldar getu ekki gefið okkur aftur einn einasta geirfugl" sagði Sigurður Pórarinsson einu sinni og þau orð eiga líka við um allar þessar 140 tegundir sem deyja nú út daglega. I hverri þeirra búar möguleikar sem við ekki þekkjum. Getnaðarvarnarpillan var upphaflega framleidd úr villtu rótarnýði sem fóx í frumskógi.

Mexíkó, og nýjustu pilluna fáum við fyrir tilstilli skógarplöntu í Vestur-Afriku. Eitt merkasta tímamótaskref í baráttunni gegn krabbameini á undanförnum árum má rekja til hörpulaufsins frá Madagaskar og svona gæti ég haldið áfram að telja í allan dag. Svo hinir vel upplýstu Evrópubúar vilja auðvitað ekki eyða regnskógunum en þeir eyða þeim samt með því að éta sitt eigið kjöt og nú viljum við auðvitað sá að éta þetta kjöt líka það er svo ódýrt! En hvað kostar það í raun? Er það svo ódýrt þegar allt er talið? Eða er okkur sama af því að við þursum ekki að borga strax eða getum jafnvel velt kostnaðinum yfir á börnin okkar?

I Bandaríkjum fyrir tveimur árum heyrði ég mikinn eldhuga í umhverfismálum halda því fram að vatnsklósettið væri versta uppfinding sem hinn teknivæddi maður hefði innleitt. Eg létt þessa getið í góðra vina hópi í fyrra og fyrir skömmu sá ég að einn af þeim sem á orð míni hlýddi, hafði þessi orð eftir á prenti, bætti um betur og sagði að e.t.v. væri vatnsklósettið hættulegri uppfinding en kjarnorkusprengjan.

Hvers vegna halda þessir mætu-menn slíku fram? Jú - fólk sem ekki hefur vatnsklósett kemst ekki hjá því að fara út undir bert loft nokkrum sinnum á dag allan ársins hring hvernig sem viðrar.

Þróun mannsins hefur tekið miljónir ára og hann þróaðist ekki inni heldur úti. Ótivist styrkir ævaorn og lífsnauðsynleg tengsl við náttúruna, ýmis konar skynjun sem við erum að tapa vegna þjálfunarleysis af því að við dveljum líklega vel yfir 95% tíma okkar inni við. Þegar þessi tengsl rofna erum við vannærð og líður illa rétt eins og ef við virðum ekki önnur tengsl við náttúruna sem við almennt viðurkennum frekar, vegna þess að þau eru efnisleg og við sjáum þau eða finnum þau meðvitað.

Öndunin tengir okkur við hringrás loftsins - við hver aðra - við grænu plönturnar sem framleiða þetta súrefnið sem við þörfnuð, blóm, tré, þörunga, regnskóga.

Vatnið sem við drekkum, hvar var það í gær, en fyrir 10 árum, kannski hefur þetta vatn einhvern tíma verið í maga risaeðlu.

þeðan sem við borðum, efnis sem við eru samsett úr, tengir okkur á sama hátt við allar aðrar lífverur og við hinn s.k. dauða hluta Jarðarinnar líka.

Hvernig getum við hagað okkur eins og umhverfið komi okkur ekki við. Meðalviðvöl efnis í líkama okkar er 6 vikur. Eftir 6 vikur.... Við getum e.t.v. lifað í nokkrar vikur án matar, í nokkra daga án vatus en aðeins nokkrar minútur án lofts. Þetta vitum við en það er næstum eins og við séum búin að gleyma því a.m.k. virðum við ekki þessar staðreyndir.

Og vatnsklósettið hjálpar okkur til að gleyma þessum hringrásum sem í gegn um okkur fara. Þarna setjumst við bara í hægindi og svo fluss, fluss allt hverfur og er gleymt enda hræðilegt oj bjakk og best að vita ekkert af svoleiðis. En um leið sjáum við ekki þennan s.k. óþrifnað og gleymum því að við höfum áhrif á umhverfi okkar.

Þegar svo við vatnsklósettið bætist að allt sem við borðum er keypt í búð - kemur þangað á færibandí i óþrjótandi magni með alls kyns farartækjum þá finnst okkur við séum bara frjáls og óháð, einu hringrásirnar sem komi okkur við sé velta peninga og gróða. Land, vatn, mold, loft skipti engu máli.

Eg hef reyndar þurft að notast við útíkamar í 4 sumur, það er kannski þess vegna sem ég er eins og ég er. Eg vil þó ekki mæla með tortimingu vatnsklósetta eins og kjarnorkusprengja. I staðinn þarf að koma þekking, yfirsýn, skynjun. Fólk þarf að gera sér grein fyrir staðreyndum lífsins og virða þær. Hins vegar sýnir það sig að það er erfitt að breyta hegðun með fræðslu, sbr. reykingar.

Það er ljóst að ferlar þeirra hringrása efna sem við höfum stjórn á og hægt er að minnka verðum við að minnka þannig að við höfum yfirsýn yfir sem flestar hringrásir - Áður fyrr voru hringrásir næringarefna og efna sem notuð voru í framleiðslu smáar þannig að gras á ákvæðnu svæði varð að kind, kindin breyttist í kjöt, ull í peysu eða leður í skó og allt endaði þetta í jörðinni ekki langt frá þeim stað sem grasið gréri svo

það gat nýtt sér efnin aftur og hringrásin var virt. Ferlar hringrásar efna stækkuðu þegar borgir fóru að myndast svo ekki sé talað um útbenslu borga eftir iðubyldingu – þá var farið að flytja næringarefni í stórum stíl frá einu svæði þannig að þar getur orðið skortu næringarefna og hleypa úrgangi út á öðru þar sem hann veldur mengun í formi ofauðgunar. Hinn gifurlegi flutningur efna sem eyðir lífi og efnum í einni heimsálfu til að menga í annarri er þó enn verri.

Flutningur efna og þá ekki síst matvæla í svo miklu magni sem nú er stenst ekki til langframa. Olian er til í takmörkuðu magni. Verð hennar hækkar og loks verður hún uppurin. Í rauninni er allt of mikil olia eftir því að lofthjúpur Jarðar þolir ekki þá viðbótar mengun sem brennusla hennar veldur. Olian verður auðvitað miklu fyrr uppurin, og mengun eykst þegar við erum að flytja lífsnauðsynjar heimshorna á milli, lífsnauðsynjar sem við getum framleitt þar sem við búum. Flutningur matvæla hvetur líka til framleiðslu á alls kyns farartækjum til flutninga, það er auðlindasóun og í þessum farartækjum eru oft kæligeymslur sem valda verulegri mengun t.d. eyðingu ósonlagsins. Auk þessa er maturinn mengaður með alls kyns efnum til að auka þol hans fyrir hnijaski og auka geymsluþol hans. Þessi efni auka ekki lífslikur okkar eða barnanna okkar.

Því er haldið fram að við þurfum að segja já við EES en hvað er þörf, hvað er nauðþurft?

Í rauninni eru nauðþurftir aðeins sex þótt hagkerfið keppist við að búa til ótal gerviparfir.

Við þurfum
fæðu, vatn, loft, skjól, rými og mannleg samskipti í hæfilegri skipan og niðurröðun.

Fæstar þjóðir hafa hafa allar nauðþurftir. Sumar hafa ekki nægilega stórt land til að geta brauðfætt sig, eða hafa mengað allt sitt vatn, eiga ekki orku til að ylja skjól sín eða búa svo þétt að fólk hefur ekki nægilegt rými til þess t.d. að fullnægja þörf sinni til ferðalaga eða samneyti við náttúru. Við erum ein

ef örfláum þjóðum heims sem höfum gnægð allra nauðþurfta og þess vegna eru möguleikar okkar meiri en annarra þjóða sem hafa þær ekki en gírnast þær auðvitað.

Og nú eru menn orðnir svo syrtir uppruna sínun að þeir telja að pólitisk innlimun sé nauðþurft íslensku þjóðarinnar. Pólitisk innlimun er auðvitað andstæða **POLITÍSKRAR EINANGRUNAR?**

Smiðnum mínum, hann er mjög svo skynsamur maður alin upp í sveit og stendur föstum fótum, eiginlega djúpum rótum í íslenskri náttúru og menningu, honum finnst pólitisk einangrun vera óútskýrt slagorð sem er slengt framan í fólk til að láta það halda að það sé vitlaust, viti ekki neitt og skilji ekki neitt.

En ég er mógu vitlaus til að viðurkenna að ég skil ekki þetta hugtak.

En ef það þýðir að Íslendingar geti verið óbundnir eða a.m.k. aðeins lauslega tengdir hinu hefðbundna, ruglaða vestræna hagkerfi og hafi frelsi til að rífa sig út úr því og geti þannig haft forgöngu um nýjan lífsstíl og umhverfisvernd í heiminum, og

ef það þýðir aukinn skilning og yfirsýn yfir það umhverfi og náttúru sem menn, konur og börn eru hluti af, og ef það þýðir að íslendingar læri að standa á eigin fótum og treysti á sjálfa sig, og

ef það þýðir sjálfsþurftarbúskap í takt við sjálfbæra þróun, og ef það þýðir að hér ríki meiri jöfnuður á milli kvenna og karla en annars staðar,

Þá óska ég Íslandi pólitískrar einangrunar.